

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 89 27. júní 1962 um takmörkun leigubifreiða á Akranesi og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akranesi skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Akraness, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa, sem lögheimili eiga á Akranesi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir ofanritað skulu atvinnuleyfin aldrei vera færri en 10.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 500 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970 staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. október 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

REIKNINGUR

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Tekjur:

Eign 1. janúar 1977:

Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands Litra A nr.

1324 og 1327 17. fl. kr. 2000

+ óhafnir vextir 1976 — 100

Sparisjóðsinnst. í Landsbanka Íslands — 111 803

kr. 113 903

Vaxtatekjur:

Ar veðdeildarbréfum (vextir 1977)	kr. 100	
Af sparisjóðsinnstæðu	— 14 907	
		— 15 007
Fjárlagastyrkur 1977		— 1 800 000
Greitt umfram fjárlög		— 186 475
		—————
Samtals	kr. 2 115 385	

Gjöld:

Greidd verðlaun 1977 skv. ákvörðun verðlaunaneftndar:

Sigfús Jónsson, Stóragarði 1	kr. 450 000	
Brynjólfur Kjartansson, Skólavörðustíg 12	— 450 000	
Þór Whitehead, Grímshaga 8	— 450 000	
Anna Sigurðardóttir, Hjarðarhaga 26	— 225 000	
Sigfús H. Andresson, Ljósheimum 20	— 225 000	
		— 1 800 000
Auglýsingar og launatengd gjöld		— 186 475

Eign 31. desember 1977:

Veðdeildarbréf Landsbankans 17. fl., Litra A nr. 1326	kr. 1 000	
Innleyst bréf nr. 1324		
Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands	— 127 910	
		— 128 910
		—————
Samtals	kr. 2 115 385	

Forsætisráðuneytið, 18. apríl 1978.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

Gísli Árnason.

Reikningsskil þessi höfum við endurskoðað með tilliti til skipulagsskrár sjóðsins. Eignir sjóðsins eru fyrir hendi.

Ríkisendurskoðun, 8. maí 1978.

Halldór V. Sigurðsson.

Jón Ólafsson.

14. september 1978.

Nr. 376.

AUGLÝSING**um umferð í Ólafsfirði.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsfjarðar skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

1. Aðalgata er aðalbraut frá Brimnesi og vestur að brú og er biðskylda við allar þvergötur á hana nema við gatnamót Ólafsvogar við tjörnina og brúna, þar er stöðvunarskylda.